

Staða launafólks á Íslandi

*Niðurstöður spurningakönnunar meðal
félagsfólks Framsýnar*

Mars 2024



Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félagsfólks Framsýnar.

Útgefandi: Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins
Höfundar: Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir.
Úrvinnsla tölfraðilegra gagna: Maya Staub og Sigrún Ólafsdóttir

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík
Sími: 535 5629
Netfang: rannvinn@rannvinn.is
Vefsíða Vörðu: rannvinn.is
ISBN númer: 978-9935-532-36-7

© Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2024

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Aðferð.....	2
2.1	Fyrirlögn.....	2
2.2	Svarhlutfall.....	2
2.3	Vigtun gagna.....	2
2.4	Mælingar.....	4
2.5	Marktækniþróf.....	5
3	Niðurstöður.....	6
3.1	Staða á vinnumarkaði.....	8
3.2	Fjárhagsstaða.....	11
3.2.1	Ná endum saman.....	12
3.2.2	Geta mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum.....	12
3.2.3	Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári.....	12
3.2.4	Efnislegur skortur.....	13
3.2.5	Fjárhagsaðstoð.....	14
3.2.6	Yfirdráttur, smálán, bílalán og önnur skammtímalán.....	14
3.2.7	Fjárhagslegt sjálfstæði.....	15
3.2.8	Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn.....	15
3.2.9	Samantekt – fjárhagsstaða félagsfólks Framsýnar.....	18
3.3	Staða á húsnæðismarkaði.....	19
3.3.1	Staða á húsnæðismarkaði.....	19
3.3.2	Gerð húsnæðis.....	20
3.3.3	Stærð húsnæðis.....	20
3.3.4	Hentugleiki húsnæðis.....	21
3.3.5	Skipt um húsnæði.....	21
3.3.6	Byrði húsnæðiskostnaðar.....	22
3.3.7	Fjárhagsstaða eftir stöðu á húsnæðismarkaði.....	22
3.3.8	Samantekt – staða félagsfólks Framsýnar á húsnæðismarkaði.....	27
3.4	Heilsufar.....	29
3.4.1	Líkamlegt heilsufar.....	29

3.4.2	Andlegt heilsufar.....	29
3.4.3	Samantekt – heilsufar félagsfólks Framsýnar	31
3.5	Mismunun á vinnumarkaði á grundvelli jaðarstöðu.....	32
	Heimildarskrá	33
	Viðauki I	34

Töfluyfirlit

Tafla 1.	Flokkun aðildarféлага vegna vigtunar gagna.....	3
Tafla 2.	Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.	4
Tafla 3.	Lýðfræðileg samsetning.....	7
Tafla 4.	Staða á vinnumarkaði.....	9
Tafla 5.	Starfsgreinar.....	10
Tafla 6.	Auðvelt eða erfitt að ná endum saman.....	12
Tafla 7.	Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar.....	12
Tafla 8.	Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári.....	13
Tafla 9.	Efnislegur skortur.	13
Tafla 10.	Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á.	14
Tafla 11.	Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum.....	14
Tafla 12.	Yfirdráttur, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalan, námslán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim.....	15
Tafla 13.	Geta séð fyrir sjálfu sér og börnum án aðstoðar.....	15
Tafla 14.	Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn.....	16
Tafla 15.	Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir).....	17
Tafla 16.	Staða á húsnæðismarkaði.....	19
Tafla 17.	Gerð húsnæðis.....	20
Tafla 18.	Stærð húsnæðis.....	20
Tafla 19.	Hversu vel eða illa hentar húsnæði.....	21
Tafla 20.	Hversu oft skipt um húsnæði síðastliðin fimm ár.....	21
Tafla 21.	Byrði húsnæðiskostnaðar.....	22
Tafla 22.	Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði.....	23
Tafla 23.	Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.....	24
Tafla 24.	Skortur á efnislegum gæðum eftir stöðu á húsnæðismarkaði.....	25
Tafla 25.	Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.....	26
Tafla 26.	Líkamlegt heilsufar.....	29
Tafla 27.	Nánast daglega neikvæð andleg einkenni.....	30
Tafla 28.	Mismunun á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum tveimur árum.....	32

1 Inngangur

Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins hefur árlega lagt fyrir kannanir um stöðu launafólks á Íslandi innan aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og BSRB. Markmið kannananna er að varpa ljósi á fjárhagsstöðu, stöðu á húsnæðismarkaði og líkamlega og andlega heilsu launafólks ásamt annarra atriða.

Í janúar 2024 var lögð fyrir könnun meðal félagsfólks innan aðildarfélaga heildarsamtakanna tveggja og voru niðurstöður hennar birtar í skýrslu í mars 2024 (sjá Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2024).

Í þessari skýrslu er greint sérstaklega frá stöðu félagsfólks Framsýnar og eru niðurstöðurnar settar fram í samanburði við félagsfólk í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Aðferð könnunarinnar í heild og sérvinnslunnar er lýst í 2. kafla. Í 3. kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar. Fyrst er greint frá lýðfræðilegri samsetningu, þá er greint frá fjárhagsstöðu launafólks, stöðu á húsnæðismarkaði, heilsufari og síðast frá mismunun á íslenskum vinnumarkaði.

2 Aðferð

Notað er heildarþýðisúrtak (e. total population sampling) sem er ein af tegundum markvissra úrtaka (purposive sampling) og er skilgreint þýði félagar í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Varða hefur ekki aðgang að félagaskrám aðildarfélaganna og hafa félögin sjálf milligöngu um að virkja félagsfólks sitt til þátttöku.

2.1 Fyrirlögn

Formaður BSRB og forseti ASÍ sendu formönnum allra aðildarfélaga (19 félaga innan BSRB og 44 innan ASÍ) tölvupóst og óskuðu eftir aðstoð þeirra við að koma könnuninni á framfæri við félagsfólk. Formenn aðildarfélaganna fengu upplýsingatexta um könnunina á íslensku, ensku og pólsku til að senda í tölvupósti til félagsfólks og voru jafnframt hvött til að senda sms skilaboð og hafa hlekk inn á „mínum síðum“.

Könnunin var opin frá 4. janúar 2024 til 17. janúar 2024. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu. Svarendum gafst færi á að svara henni á íslensku, ensku eða pólsku.

2.2 Svarhlutfall

Könnunin er ætluð öllu félagsfólki heildarsamtaka ASÍ og BSRB. Greiðandi félagar innan 44 aðildarfélaga ASÍ voru 143.406 í október 2023. Innan BSRB voru í janúar 2023 samtals 24.494 félagar í 19 aðildarfélögum. Í þýðinu voru því samtals 167.900 einstaklingar. Könnuninni svöruðu 21.095 félagar og svarhlutfallið 12,6%. Framsýn sendi öllu greiðandi félagsfólki í desember 2023 sem var með skráð netfang boð um að taka þátt í könnuninni, alls 383 félögum. 125 svöruðu eða 32,6% þeirra sem fengu könnunina senda og 5% alls félagsfólks.

2.3 Vigtun gagna

Þar sem að notast er við heildarþýðisúrtak í könnuninni sem gerir Vörðu kleift að safna upplýsingum án þess að hafa aðgang að þýðisskrá eru gögnin vigtuð út frá þekktum eiginleikum þýðisins til að þau endurspegli sem best þýðið í heild sinni. Til vigtunarinnar er félagatal beggja heildarsamtakanna nýtt og út frá því vightað eftir kyni og aðildarfélögum. Við vigtunina er aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB var skipt í flokka eftir eðli þeirra starfa sem félagsmenn í viðkomandi félögum sinna.

Til þess að svör félagsfólks Framsýnar í könnuninni endurspegli sem best þýði stéttarfélagins voru svörin frá Framsýn vigtuð sérstaklega fyrir sérvinnsluna. Töluverð vöntun var á svörum frá yngri aldurshópnum innan Framsýnar sem er nokkuð hátt hlutfall félagsfólks samkvæmt félagatali. Svör félagsfólks Framsýnar voru því vigtuð sérstaklega með tilliti til kyns og aldurs svo að gefa mætti svörum yngri aldurshópna meira vægi. Körlum 30 ára og yngri var þó gefið þak á vogina og fengu sama gildi og karlar 31-40 ára.

Tafla 1. Flokkun aðildarfélaga vegna vigtunar gagna

Vigtunarflokkur	Félög
FRAMSÝN	Framsýn stéttarfélag
ASÍ 1	AFL-Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Framsýn stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Eining – Iðja, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Sjómannafélagið Jötunn
ASÍ 2	Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf
ASÍ 3	Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, VR.
ASÍ 4	Félag íslenskra rafvirkja, Félag íslenskra símamanna, Félag rafeindavirkja, Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi, Félag tæknifólks, Rafiðnaðarfélag Norðurlands, Rafiðnaðarfélag Suðurnesja, BYGGIÐN - félag byggingamanna, Félag iðn- og tæknigreina, Félag járníðnaðarmanna Ísafirði, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, ÞINGIÐN, Grafía - stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, MATVÍS, VM - Félag vélstjóra og málm tæknimanna, Mjólkurfræðingafélag Íslands, LEIÐSÖGN - stéttarfélag leiðsögumanna, Flugfreyjufélag Íslands
BSRB 1	Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, FOSS - stéttarfélag í almannaþjónustu, Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu, Starfsmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar, Póstmannafélags Íslands
BSRB 2	Sameyki - stéttarfélag í almannaðjónustu, Félag starfsmanna Stjórnarráðsins.
BSRB 3	Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Tollvarðafélag Íslands, Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Félag íslenskra flugumferðarstjóra
BSRB 4	Sjúkraliðafélag Íslands

Þar sem að könnunin byggir á heildarþýðisúrtaki þar sem allir aðildarfélagar eiga jafna möguleika á að taka þátt er öllum vigtunarflokkunum gefin úrtaksvogin 1. Lokavogin er svo reiknuð út með því að deila svarhlutfalli viðkomandi flokks í úrtaksvogina. Vigtunaraðferðina má sjá í töflu 2.

Í ljósi þess að einungis örfá aðildarfélög innan ASÍ og BSRB bjóða upp á kynskráninguna „kvár“ eða „annað“ var eingöngu hægt að vigta gögnin út frá konum og körlum. Af þeirri ástæðu

var ákvörðun tekin um að flokka kvár og kynsegin fólk með konum. Þetta var gert á forsendum kynjakerfisins þar sem bæði konur, kvár og kynsegin fólk er samfélagslega undirskipað körlum en best væri ef hægt væri að vigta gögnin í samræmi við raunverulega kynupplifun.

$$\frac{\text{Úrtaksvog}}{\text{Svarhlutfall}} * 100 = \text{Lokavog}$$

Tafla 2. Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.

Vigtunarflokkur	Fjöldi í þýði	Fjöldi svara	Svarhlutfall	Úrtaksvog	Lokavog
FRAMSYN					
Karlar 30 ára og yngri	740	7	0,9%	1	65,125*
Karlar 31-40 ára	521	8	1,5%	1	65,125
Karlar 41 árs og eldri	132	38	28,8%	1	3,474
Konur 30 ára og yngri	449	11	2,4%	1	40,818
Konur 31-40 ára	264	8	3,0%	1	33,000
Konur 41 árs og eldri	373	53	14,2%	1	7,038
ASÍ 1					
Karlar	22.043	2008	9,7%	1	10,284
Konur	17.572	2265	13,7%	1	7,279
ASÍ 2					
Karlar	18.954	1861	9,8%	1	10,185
Konur	16.747	2149	12,8%	1	7,793
ASÍ 3					
Karlar	20.680	1991	9,6%	1	10,387
Konur	25.053	2832	11,3%	1	8,846
ASÍ 4					
Karlar	19.666	1721	8,8%	1	11,427
Konur	2.691	311	11,6%	1	8,653
BSRB 1					
Karlar	3.770	490	13,0%	1	7,694
Konur	4.229	1681	39,7%	1	2,516
BSRB 2					
Karlar	5.962	759	12,7%	1	7,855
Konur	6.510	1617	24,8%	1	4,026
BSRB 3					
Karlar	1.523	335	22,0%	1	4,546
Konur	517	112	21,7%	1	4,616
BSRB 4					
Karlar	66	20	30,3%	1	3,300
Konur	1.917	694	36,2%	1	2,762

2.4 Mælingar

Andleg líðan: Við mat á andlegri líðan var notast við Patient Health Questionnaire (PHQ-9) sem er einfaldur níu spurninga sjálfsmatskvarði sem hefur verið þýddur á íslensku og rannsakaður með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kvarðinn metur einkenni þunglyndis og alvarleika þess (Andri Steinþór Björnsson et al., 2018). Spurt var um hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi

hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjörgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmings tímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni: 1) Lítill áhugi eða gleði við að gera hluti. 2) Verið niðurdregin/n/ð, dapur/döpur/dapurt eða vonlaus/t. 3) Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina. 4) Þreyta og orkuleysi. 5) Lystarleysi eða ofát. 6) Liðið illa með sjálfa/n/t þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum/sjálfri/sjálfu þér eða fjölskyldu þinni. 7) Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp. 8) Hreyft þig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus/t eða óróleg/ur/t að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega. 9) Hugsað um að það væri betra að þú værir dái/n/ð eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt (Agnes Agnarsdóttir et al., e.d.). Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin sem slæm andleg heilsa (Kroenke & Spitzer, 2002). Þeir sem merkja ekki við neina spurningu fá brottfallsgildi. Þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki öllum spurningunum finna ekki fyrir þeim einkennum sem þeir merkja ekki við og fá gildið 0 í stað brottfallsgildis. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

Skortur á efnislegum gæðum: Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið spurningum sem saman mæla efnislegan skort samkvæmt skilgreiningu sem Hagstofa Evrópusambandsins og Hagstofa Íslands nota. Spurt var hvort einhver níu staðhæfinga ætti við um heimili svarenda. Staðhæfingarnar voru: 1) Vanskil á leigu, húsnæðislánnum eða öðrum lánnum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum. 2) Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu. 3) Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag. 4) Get ekki mætt óvæntum útgjöldum. 5) Hef hvorki efni á heimsíma né farsíma. 6) Hef ekki efni á sjónvarpstæki. 7) Hef ekki efni á þvottavél. 8) Hef ekki efni á bíl. 9) Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Samkvæmt skilgreiningu búa þau við skort sem búa á heimili sem þrír af ofantöldum þáttum eiga við um (Hagstofa Íslands, 2022d).

2.5 Marktækniþróf

Persons kí-kvaðrat þróf (χ^2) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni. Þrófið metur hvort marktækur munur er á milli mismunandi hópa í tíðnitöflum. Miðað var við 95% vikiörk, * = $p < 0,05$, ** = $p < 0,01$.

3 Niðurstöður

Fjallað er um niðurstöður sérvinnslunnar í fimm köflum, þar sem staða félagsfólks Framsýnar er borin saman við stöðu félagsfólks í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Í kafla 3.1. er greint frá stöðu á vinnumarkaði. Kafli 3.2 fjallar um fjárhagsstöðu félagsfólks Framsýnar. Kafli 3.3. um stöðu sjúkraliða á húsnæðismarkaði. Kafli 3.4. um líkamlega og andlega heilsu og kafli 3.5 um mismunun á íslenskum vinnumarkaði.

Tafla 3 sýnir lýðfræðilega samsetningu innan Framsýnar í samanburði samsetningu í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB. Samsetning Framsýnar er frábrugðin sérstaklega þegar litið er til aldurs og menntunar. Hlutfall ungs fólks innan Framsýnar er talsvert hærra en almennt innan annarra aðildarfélaganna ASÍ og BSRB. Þannig er mun hærra hlutfall Framsýnarfélaganna 40 ára og yngri (77% á móti 47,3%). Sömuleiðis er nokkuð hærra hlutfall Framsýnarfélaganna með framhaldsskólapróf eða sveinspróf (44,2% á móti 27,7%).

Hlutfall kvenna og karla er mjög jafn innan Framsýnar en 49,5% félagsfólks eru konur og 50,5% karlar. Flestir svarendur eru á aldrinum 30 ára og yngri (41,2%) og því næst 31-40 ára (35,8%). Mun lægra hlutfall er 41-50 ára (8%), 51-60 ára (7,8%) og 61 árs og eldri (7,2%). Þegar litið er til uppruna sést að meirihluti Framsýnarfélaganna eru innfædd (72,9%). Fimmtungur félagsfólks eru innflytjendur (25,1%) og 2% eru með erlendan bakgrunn (sjá skilgreiningu í viðauka I). Helmingur félaganna Framsýnar eru í sambúð eða 50,5%. Af þeim eru 30% með börn. 33,3% eru einhleyp og 16,3% einhleypir foreldrar. Yfirgnæfandi meirihluti félagsfólksins er búsett á Norðurlandi eystra (91,7%). Mun lægra hlutfall er búsett á Austurlandi (3,3%) og Höfuðborgarsvæðinu (2,7%) og enn lægra hlutfall í öðrum landshlutum. Þegar litið er til menntunar sést að 44,2% hafa lokið framhaldsskólaprófi eða sveinsprófi, 15,5% grunnskólanámi eða sambærilegu og 12,6% grunnnámi á háskólastigi. Lægra hlutfall hefur lokið starfstengdu námi á framhaldsskólastigi (9,8%), diplómaprófi (6,2%), iðnmeistaraprófi (5,4%), framhaldsnámi á háskólastigi (3,2%) eða öðru námi (3,1%).

Tafla 3. Lýðfræðileg samsetning.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	N	P-gildi
<i>Kyn</i>					
Konur	49,5%	44,5%	44,6%	20.991	0,000**
Karlar	50,5%	55,2%	55,1%		
Kvár	0%	0,2%	0,2%		
<i>Aldur</i>					
30 ára og yngri	41,2%	23,0%	23,2%	20.939	0,000**
31 – 40 ára	35,8%	24,3%	24,5%		
41 – 50 ára	8,0%	20,4%	20,2%		
51 – 60 ára	7,8%	18,0%	17,8%		
61 árs og eldri	7,2%	14,4%	14,3%		
<i>Uppruni</i>					
Innfæddir	72,9%	66,2%	66,3%	19.406	0,000**
Innflytjendur	25,1%	29,8%	29,8%		
Með erlendan bakgrunn	2,0%	3,9%	3,9%		
<i>Fjölskyldustaða</i>					
Í sambúð með barn/börn	30,0%	31,9%	31,9%	20.194	0,000**
Í sambúð	20,5%	31,2%	31,1%		
Einhleypir foreldrar	16,3%	10,1%	10,1%		
Einhleypir	33,3%	26,8%	26,9%		
<i>Menntun</i>					
Grunnskólanám eða sambærilegt	15,5%	18,2%	18,2%	20.312	0,000**
Starfstengt nám á framhaldsskólastigi	9,8%	12,4%	12,4%		
Framhaldsskólapróf eða sveinspróf	44,2%	27,7%	27,9%		
Iðnmeistarapróf	5,4%	5,9%	5,9%		
Diplómapróf	6,2%	7,1%	7,1%		
Grunnnám á háskólastigi (BA, BSc, BEd)	12,6%	15,5%	15,5%		
Framhaldsnám á háskólastigi (MA, MSc, PhD)	3,2%	9,7%	9,6%		
Annað	3,1%	3,5%	3,5%		
<i>Búseta</i>					
Austurlandi	3,3%	5,4%	5,4%	20.827	0,000**
Höfuðborgarsvæðinu	2,7%	60,3%	59,5%		
Norðurlandi eystra	91,7%	7,6%	8,8%		
Norðurlandi vestra	0,5%	1,7%	1,7%		
Suðurlandi	0%	9,5%	9,4%		
Suðurnesjum	0%	6,7%	6,6%		
Vestfjörðum	0%	2,6%	2,6%		
Vesturlandi	0%	5,0%	5,0%		
Í Grindavík en búsett/ur annars staðar vegna aðstæðna	0%	0,2%	0,2%		
Erlendis	1,9%	0,4%	0,4%		
Annað	0%	0,5%	0,5%		

3.1 Staða á vinnumarkaði

Tafla 4 sýnir stöðu á vinnumarkaði, starfsvettvang og starfshlutfall annars vegar meðal félaga Framsýnar og hins vegar innan annarra aðildarféлага ASÍ og BSRB. Mikill meirihluti Framsýnarféлага eru í launuðu starfi (83,6%) sem er svipað hlutfall og innan annarra aðildarféлага ASÍ og BSRB (82,6%). Ögn hærra hlutfall Framsýnarféлага eru sjálfstætt starfandi (4,1% á móti 2,2%), í námi og vinnu (9,2% á móti 6,2%) og í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum (2,1% á móti 1,5%). Á hinn bóginn er lægra hlutfall í veikindaleyfi á launum (0,4% á móti 1,7%) og á eftirlaunum (0,2% á móti 2,8%).

Meirihluti Framsýnarféлага starfar hjá einkareknum fyrirtækjum (59,9%) sem er þó ögn lægra hlutfall samanborið við félagsfólk annarra stéttarféлага (65,4%). Næst hæst er hlutfall Framsýnarféлага sem starfar hjá ríki (23,9%) sem er nokkuð hærra hlutfall en meðal annarra stéttarféлага (10%). Hins vegar er lægra hlutfall Framsýnarféлага sem starfa hjá sveitarfélagi (6,1% á móti 13,4%) og hjá sjálfseignarstofnunum eða félagasamtökum (0,5% á móti 3,8%). Svipað hlutfall starfar hjá opinberum hlutafélögum í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélags (3,6% á móti 3,7%).

Mikill meirihluti Framsýnarféлага er í fullu starfi, eða 62,1% sem er þó nokkuð lægra hlutfall en gengur meðal félagsfólks annarra aðildarféлага ASÍ og BSRB (76,6%). Hærra hlutfall Framsýnarféлага en félagsfólks annarra stéttarféлага er í 75%-99% starfshlutfalli (14,5% á móti 9,4%), 50%-74% starfshlutfalli (15,1% á móti 6,8%) og 1%-49% starfshlutfalli (7,5% á móti 5,9%).

Tafla 4. Staða á vinnumarkaði.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>N</i>	<i>P</i> -gildi
<i>Staða á vinnumarkaði</i>					
Í launuðu starfi	83,6%	82,6%	82,7%	18.192	0,000**
Í veikindaleyfi á launum	0,4%	1,7%	1,7%		
Sjálfstætt starfandi /Atvinnurekandi	4,1%	2,2%	2,2%		
Á eftirlaunum	0,2%	2,8%	2,8%		
Í námi og ekki í vinnu	0%	0,4%	0,4%		
Í námi og vinnu	9,2%	6,2%	6,2%		
Atvinnuleitandi	0%	1,5%	1,4%		
Á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri	0%	0,8%	0,8%		
Í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum	2,1%	1,5%	1,5%		
Annað	0,4%	0,3%	0,3%		
<i>Starfsvettvangur</i>					
Hjá einkareknu fyrirtæki	59,9%	65,4%	65,4%	17.202	0,000**
Hjá ríki	23,9%	10,0%	10,2%		
Hjá sveitarfélagi	6,1%	13,4%	13,3%		
Hjá opinberu hlutafélagi í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélags	3,6%	3,7%	3,7%		
Hjá sjálfseignarstofnun eða félagasamtökum	0,5%	3,8%	3,7%		
Vil ekki svara	6,1%	3,7%	3,7%		
<i>Starfshlutfall</i>					
1%–49%	7,5%	5,9%	5,9%	17.194	0,000**
50%–74%	15,1%	6,8%	6,9%		
75%–99%	14,5%	9,4%	9,4%		
100%	62,1%	76,6%	76,4%		
Vil ekki svara	0,7%	1,3%	1,3%		

Tafla 5 sýnir þær starfsgreinar sem félagar Framsýnar starfa við í samanburði við annað félagsfólk innan ASÍ og BSRB. Algengast er að félagsfólk Framsýnar starfi í heilbrigðisþjónustu (27,2%) sem jafnframt er starfsgrein sem Framsýnarfólk starfar við í mun meira mæli samanborið við annað félagsfólk (9,1%). Framsýnarfélagar starfa einnig í nokkuð meira mæli við afgreiðslu, þjónustu og útkeyrslu á vörum (24,9% á móti 16,1%) og í matvælaframleiðslu (16,1% á móti 3,2%). Lægra hlutfall Framsýnarfélaga starfar við fræðslu-, uppeldis-, kennslu- og tómstundastörf (8,9%) og ferðaþjónustu og farþegaflutninga (7,7%) og enn lægra hlutfall við önnur störf.

Tafla 5. Starfsgreinar.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Heilbrigðisþjónusta	27,2%	9,1%	9,4%	0,000**
Fræðslu-, uppeldis, kennslu og tómstundastarf	8,9%	9,2%	9,2%	<i>N</i> = 17.177
Afgreiðsla, þjónusta og útkeyrsla á vörum	24,9%	16,1%	16,2%	
Ræstingar	1,3%	3,7%	3,7%	
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	1,5%	7,8%	7,7%	
Fiskvinnsla	1,8%	2,3%	2,3%	
Fiskveiðar	0,2%	1,3%	1,3%	
Matvælaframleiðsla	16,1%	3,2%	3,4%	
Framleiðsla	0,4%	4,0%	4,0%	
Mötuneyti og veitingahús	0,9%	5,4%	5,4%	
Ferðaþjónusta og farþegaflutningar	7,7%	8,0%	8,0%	
Stjórnsýsla, fjármálaþjónusta, upplýsingatækni og almenn skrifstofustörf	4,2%	18,9%	18,7%	
Almannaöryggi og dómsmál	0%	1,9%	1,9%	
Umsjón með fasteignum, baðstöðum og mannvirkjum	0,2%	2,4%	2,3%	
Menning- og skapandi greinar	0%	1,6%	1,6%	
Stóriðja, fráveita, rafmagns- og hitaveita, sorphirða, námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	4,5%	4,8%	4,8%	
Annað	0,2%	0,1%	0,1%	

3.2 Fjárhagsstaða

Fjárhagsstaða launafólks á vinnumarkaði var metin í könnuninni út frá ýmsum spurningum. Spurt var hversu auðvelt eða erfitt væri að ná endum saman, hvort svarendur gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar, hvort þeir hafi fengið fjárhagsaðstoð, byggju við efnislegan skort, hvort þeir væru með yfirdrátt, smálán eða bílalán og hvort fjárhagsstaða þeirra væri betri eða verri nú en fyrir ári síðan.

Í lífskjararannsókn Hagstofu Íslands má finna mælingar á skorti á efnislegum gæðum (Hagstofa Íslands, 2022d), hversu auðvelt eða erfitt fólk á með að ná endum saman, hvort það geti mætt 180.000 kr. óvæntum útgjöldum (Hagstofa Íslands, 2022a) og einnig hvort fólk hafi fengið fjárhagsaðstoð frá sveitafélagi (Hagstofa Íslands, 2020). Þessar mælingar svipar að mörgu leyti til þeirra mælinga sem Varða notar í könnuninni.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar bjó 4,2% landsmanna við skort á efnislegum gæðum árið 2021. Staða fólks er þó breytileg eftir stöðu á húsnæðismarkaði en 2,4% þeirra sem eru í eigin húsnæði búa við skort á efnislegum gæðum en hlutfallið er 10,9% meðal þeirra sem eru í leiguhúsnæði (Hagstofa Íslands, 2022d). Eins voru árið 2021 um 24% landsmanna sem áttu erfitt með að ná endum saman en hlutfallið er mun hærra hjá einhleypum foreldrum eða 51,5% (Hagstofa Íslands, 2022a). Hlutfall þeirra sem ekki gat mætti 180.000 kr. óvæntum útgjöldum var 22,5% árið 2021, en það hlutfall var einnig mun hærra meðal einhleypra foreldra eða 41,1%.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar bjó 12,8% heimila við íþyngjandi byrði af húsnæðiskostnaði árið 2021. Það hlutfall er þó mun hærra meðal leigjenda eða 27% (Hagstofa Íslands, 2022b).

3.2.1 Ná endum saman

Niðurstöður um hversu auðvelt eða erfitt launafólk innan Framsýnar annarsvegar og annarra aðildarfélaganna ASÍ og BSRB hins vegar, á með að ná endum saman eru birtar í töflu 6. Taflan sýnir að staða Framsýnarfélaga er tvískipt. Hærra hlutfall Framsýnarfélaga á mjög auðvelt og auðvelt með að ná endum saman (29,3% á móti 23,8%) en einnig er hærra hlutfall Framsýnarfólks sem á erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman (17,9% á móti 14,5%).

Tafla 6. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Mjög auðvelt	17,8%	9,4%	9,5%	0,000**
Auðvelt	11,5%	14,4%	14,4%	N = 19.083
Nokkuð auðvelt	36,4%	33,5%	33,5%	
Nokkur erfitt	15,8%	25,4%	25,3%	
Erfitt	8,9%	9,0%	9,0%	
Mjög erfitt	9,0%	5,5%	5,5%	
Vil ekki svara	0,7%	2,7%	2,7%	

3.2.2 Geta mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum

Spurt var hvort þátttakendur gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum í dag án þess að stofna til skuldar. Niðurstöðurnar sýndar í töflu 7. Hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar en félagsfólks annarra stéttarfélaganna gæti mætt svo háum óvæntum útgjöldum (66,6% á móti 51,2%) og að sama skapi er lægra hlutfall Framsýnarfélaga sem ekki gæti mætt svo háum útgjöldum (30,3% á móti 37,5%). Lægra hlutfall Framsýnarfélaga sagðist ekki vita hvort þau gætu mætt svo háum útgjöldum (3% á móti 9,8%).

Tafla 7. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Já	66,6%	51,2%	51,4%	0,000**
Nei	30,3%	37,5%	37,4%	N = 19.036
Veit ekki	3,0%	9,8%	9,7%	
Vil ekki svara	0%	1,5%	1,5%	

3.2.3 Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári

Þátttakendur voru beðnir um að svara hvort fjárhagsstaða þeirra væri betri eða verri en fyrir ári og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 8. Hærra hlutfall Framsýnarfélaga samanborið við félagsfólk annarra stéttarfélaganna metur fjárhagsstöðu sína mun betri (9,7% á móti 5,9%) og nokkuð betri (32,6% á móti 18,1%). Að sama skapi er lægra hlutfall Framsýnarfélaga sem metur fjárhagsstöðu sína eins og fyrir ári síðan (28% á móti 35,9%), nokkuð verri (19,5% á móti 25,7%) og mun verri (10,1% á móti 13%) nú en fyrir ári síðan.

Tafla 8. *Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári.*

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Mun betri	9,7%	5,9%	5,9%	0,000**
Nokkuð betri	32,6%	18,1%	18,3%	<i>N</i> = 19.068
Eins og fyrir ári síðan	28,0%	35,9%	35,8%	
Nokkuð verri	19,5%	25,7%	25,7%	
Mun verri	10,1%	13,0%	13,0%	
Vil ekki svara	0%	1,4%	1,3%	

3.2.4 Efnislegur skortur

Niðurstöður um efnislegan skort meðal félagsfólks Framsýnar annars vegar og félagsfólks annarra aðildarféлага ASÍ og BSRB hins vegar eru birtar í töflu 9. Lægra hlutfall Framsýnarféлага hefur ekki efni á árlegu frí með fjölskyldu (10,2% á móti 22,9%), geta ekki mætt óvæntum útgjöldum (21% á móti 29,5%) hefur ekki efni á sjónvarpstæki (0,5% á móti 3,2%) og þvottavél (0% á móti 2,8%) og nægilegri upphitun (0,2% á móti 1,4%). Svipað hlutfall á ekki efni á bíl (9,9% á móti 10,8%) og er í vanskilum á leigu eða lánnum (5% á móti 5,6%), en ekki mældist tölfræðileg marktækni milli Framsýnarfólks og annarra hvað þá tvo þætti varðar. Á hinn bóginn er hærri hlutfall Framsýnarféлага sem ekki hafa efni á síma (2,1% á móti 1,2%) eða á staðgóðri máltíð annan hvern dag (14,2% á móti 7,9%).

Tafla 9. *Efnislegur skortur.*

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>N</i>	<i>p</i> -gildi
Vanskil á leigu/lánnum	5,0%	5,6%	5,6%	17.995	0,263
Ekki árlegt frí með fjölskyldu	10,2%	22,9%	22,8%	17.995	0,000**
Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag	14,2%	7,9%	8,0%	17.994	0,000**
Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum	21,0%	29,5%	29,4%	17.994	0,000**
Ekki efni á síma	2,1%	1,2%	1,2%	17.994	0,001**
Ekki efni á sjónvarpstæki	0,5%	3,2%	3,2%	17.996	0,000**
Ekki efni á þvottavél	0%	2,8%	2,8%	17.994	0,000**
Ekki efni á bíl	9,9%	10,8%	10,8%	17.995	0,254
Ekki nægileg upphitun	0,2%	1,4%	1,3%	17.996	0,000**

Í töflu 10 hafa verið teknir saman þeir níu þættir sem sýndir eru í töflu 9 og saman mæla efnislegan skort. Þau sem ekki hafa efni á þremur þáttum sem upptaldir eru búa samkvæmt skilgreiningu við efnislegan skort og þau sem ekki hafa efni á fjórum eða fleiri þáttum við verulegan efnislegan skort. Hlutfall Framsýnarféлага sem ekki þurfa að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru er hærri en meðal annarra stéttarféлага innan ASÍ og BSRB (69,8% á móti 57,3%). Að sama skapi er lægra hlutfall Framsýnarféлага sem þarf að neita sér um einn þátt (8,7% á móti 19,8%). Hærri hlutfall þarf að neita sér um tvo þætti (16,5% á móti 11,7%) en lægra hlutfall sem

býr við efnislegan skort (0,7% á móti 6,4%). Sambærilegt hlutfall Framsýnarfólks og annars launafólks býr við verulegan efnislegan skort (4,3% á móti 4,7%).

Tafla 10. *Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á.*

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Engin skortur	69,8%	57,3%	57,5%	0,000**
Einn þáttur	8,7%	19,8%	19,7%	<i>N</i> = 18.022
Tveir þættir	16,5%	11,7%	11,8%	
Efnislegu skortur	0,7%	6,4%	6,3%	
Verulegur efnislegur skortur	4,3%	4,7%	4,7%	

3.2.5 Fjárhagsaðstoð

Niðurstöður um hvort launafólk hafi fengið fjárhagsaðstoð síðasta árið koma fram í töflu 11. Þær sýna að félagsfólk Framsýnar hefur í meira mæli fengið aðstoð frá ættingjum og vinum (25% á móti 16,5%). Hins vegar hefur enginn í Framsýn þurft að sækja fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags (0% á móti 2,9%), fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (0% á móti 1,8%) eða mataraðstoð (0% á móti 2%).

Tafla 11. *Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum.*

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>N</i>	<i>p</i> -gildi
Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags	0%	2,9%	2,8%	18.256	0,000**
Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar- eða peningagjafa	25,0%	16,5%	16,6%	18.257	0,000**
Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum	0%	1,8%	1,8%	18.257	0,000**
Mataraðstoð	0%	2,0%	2,0%	18.257	0,000**

3.2.6 Yfirdráttur, smálán, bílalán og önnur skammtímalán

Tafla 12 sýnir hlutfall félagsfólks Framsýnar annars vegar og félagsfólk ASÍ og BSRB hins vegar sem eru með yfirdrátt, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalán, námslán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim. Hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar en félagsfólks annarra stéttarféлага er með yfirdrátt (35,3% á móti 32%), húsnæðislán (62,2% á móti 53,6%) og námslán (15,9% á móti 12,5%). Ögn hærra hlutfall Framsýnarféлага var með lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim (18,2% á móti 16,5%), en hvað þann þátt varðaði mældist þó ekki tölfræðilega marktækur munur

milli hópanna. Hins vegar er lægra hlutfall Framsýnarfélaga með smálán/skammtímalán (13,3% á móti 15,7%) og bílalán (23,8% á móti 27,8%).

Tafla 12. *Yfirdráttur, smálán/skammtímalán, húsnæðislán, bílalán, námslán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim.*

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>N</i>	<i>p</i> -gildi
Yfirdrátt	35,3%	32,0%	32,1%	18.586	0,006**
Smálán/skammtímalán	13,3%	15,7%	15,6%	18.586	0,010*
Húsnæðislán	62,2%	53,6%	53,7%	18.586	0,000**
Bílalán	23,8%	27,8%	27,8%	18.586	0,000**
Námslán	15,9%	12,5%	12,5%	18.586	0,000**
Lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim	18,2%	16,5%	16,5%	18.585	0,058

3.2.7 Fjárhagslegt sjálfstæði

Pátttakendur voru spurðir hvort þeir gætu séð fyrir sér og börnum sínum án aðstoðar frá maka eða öðrum og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 13 meðal fólks í sambúð með börn og sambúðarfólk. Niðurstöðurnar sýna að lægra hlutfall félagsfólks Framsýnar gæti séð fyrir sér og börnum sínum án aðstoðar maka/annarra (29,5% á móti 34,1%).

Tafla 13. *Geta séð fyrir sjálfu sér og börnum án aðstoðar.*

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Já	29,5%	34,1%	34,0%	0,000**
Nei	37,4%	45,3%	45,2%	<i>N</i> = 11.949
Veit ekki/ Á ekki við	31,6%	17,0%	17,2%	
Vil ekki svara	1,5%	3,6%	3,6%	

3.2.8 Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn

Svarendur sem voru með börn undir 18 ára á heimilinu voru beðnir um að svara hvort fjárskortur síðastliðna 12 mánuði hefði komið í veg fyrir að það gæti meðal annars greitt fyrir leikskólagjöld, frístund, skólamáltíðir, skipulagðar tómsundur, nauðsynlegan fatnað fyrir börnin sín og fleira. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 14.

Taflan sýnir að staða foreldra innan Framsýnar er ögn betri á heildina litið samanborið við stöðu foreldra í öðrum stéttarfélögum. Þannig er lægra hlutfall Framsýnarfélaga en annarra sem ekki höfðu efni á að greiða fyrir mat í skóla (4,7% á móti 6,7%), kostnað vegna skólaferðalaga eða annarra viðburða tengdum skóla (4,7% á móti 7,2%), kostnað vegna félagslífs (5,4% á móti 15,5%), kostnað við að halda afmæli eða veislur vegna barns (3,8% á móti 13%), fyrir afmælis- og/eða jólagjafir (13% á móti 16,9%), fyrir nauðsynlegan fatnað (6,2% á móti 14,5%) og eins næringarríkan mat og foreldrið telur barnið þurfa (4,6% á móti 14,5%). Sömuleiðis var ekkert

foreldri í Framsýn sem ekki gat greitt gjöld fyrir frístund (0% á móti 6,7%) eða skólagjöld í framhaldsskóla (0% á móti 3,2%). Hins vegar er svipað hlutfall foreldra í Framsýn og foreldra í öðrum stéttarfélögum sem ekki höfðu efni á að greiða fyrir leikskólagjöld (3,8% á móti 4,8%), skólabækur eða annan námskostnað (4,7% á móti 4,6%) og kostnað vegna skiplagðra tómsunda (13,8% á móti 15%)

Tafla 14. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	N	p-gildi
Leikskólagjöld	3,8%	4,8%	4,8%	7.693	0,161
Gjöld fyrir frístundaheimili	0%	6,7%	6,6%	7.693	0,000**
Skólagjöld í framhaldsskóla	0%	3,2%	3,2%	7.693	0,000**
Skólabækur eða annan námskostnað s.s. tölvubúnað fyrir framhaldsskólanema	4,7%	4,6%	4,6%	7.693	0,874
Mat í skóla (í gegnum mataráskriftir eða á annan hátt)	4,7%	6,7%	6,7%	7.693	0,016*
Kostnað vegna skipulagðra tómsunda	13,8%	15,0%	15,0%	7.693	0,323
Kostnað vegna skólaferðalags eða annarra viðburða tengdum skóla (t.d. öskudagsbúning, sérstakt nesti eða annan búnað)	4,7%	7,2%	7,2%	7.693	0,004**
Kostnað vegna félagslífs (s.s. afmælisgjafir fyrir vini, bíóferðir eða önnur afþreying með vinum)	5,4%	15,5%	15,4%	7.693	0,000**
Kostnað við að halda afmæli eða veislur vegna barns (s.s. fermingu, útskrift)	3,8%	13,0%	12,9%	7.693	0,000**
Afmælis- og/eða jólagjafir	13,0%	16,9%	16,8%	7.693	0,003**
Nauðsynlegan fatnað	6,2%	14,5%	14,4%	7.693	0,000**
Eins næringarríkan mat og þú telur barnið þurfa	4,6%	14,5%	14,3%	7.693	0,000**

Tafla 15 sýnir hlutfall foreldra með börn á heimili undir 18 ára aldri sem hafa ekki getað greitt fyrir einhverja þeirra 12 þátta sem spurt var um í könnuninni og greint frá í töflu 14 samantekið. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall foreldra innan Framsýnar hefur getað staðið straum af öllum þeim 12 kostnaðarþáttum sem snerta börn þeirra og nefndir voru í könnuninni (80% á móti 62,5%). Að sama skapi er lægra hlutfall foreldra í Framsýn sem höfðu ekki efni á einum þætti (5,4% á móti 9,9%) tveimur (5,4% á móti 7,8%), þremur (0,8% á móti 6,4%), fjórum (0% á móti 4,5%) og sex þáttum eða fleiri (3,8% á móti 6%). Aftur á móti var hærra hlutfall foreldra í Framsýn sem ekki höfðu efni á fimm (4,7% á móti 2,7%) þáttum.

Tafla 15. Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir).

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Engan þátt	80,0%	62,5%	62,8%	0,000**
Einn þátt	5,4%	9,9%	9,8%	<i>N</i> = 7.698
Tvo þætti	5,4%	7,8%	7,8%	
Þrjú þætti	0,8%	6,4%	6,3%	
Fjóra þætti	0%	4,5%	4,5%	
Fimm þætti	4,7%	2,7%	2,8%	
Sex þætti eða fleiri	3,8%	6,0%	6,0%	

3.2.9 Samantekt – fjárhagsstaða félagsfólks Framsýnar

Niðurstöður könnunarinnar varðandi fjárhagsstöðu félagsfólks Framsýnar sýna að almennt er fjárhagsstaða félagsfólksins betri en almennt meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Hærra hlutfall Framsýnarfélaga á mjög auðvelt og auðvelt með að ná endum saman (29,3% á móti 23,8%), gæti mætt 80.000 kr. óvæntum útgjöldum án þess að stofna til skuldar (66,6% á móti 51,2%), hafa þurft að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru (69,8% á móti 57,3%) samanborið við launafólk í öðrum aðildarfélögum. Einnig er lægra hlutfall sem býr við efnislega eða verulegan efnislegan skort (5% á móti 11,1%). Til viðbótar hafði enginn svarandi þurft fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags (0% á móti 2,9%), fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (0% á móti 1,8%) eða mataraðstoð (0% á móti 2%) og lægra hlutfall er með smálán/skammtímalán (13,3% á móti 15,7%) og bílalán (23,8% á móti 27,8%). Þegar litið er til grunnþátta sem tengjast börnum meðal félagsfólks sem er með börn á heimili undir 18 ára sést að einnig er lægra hlutfall foreldra innan Framsýnar sem hafði ekki efni á einhverjum þeirra 12 þátta sem spurt var um (80% á móti 62,5%).

Þrátt fyrir að fjárhagsstaða félagsfólks Framsýnar sé almennt góð eru vísbendingar um að það sé minni hópur sem standi höllum fæti. Sjást merki um hann til að mynda þegar litið er til þess að það er hærra hlutfall innan Framsýnar sem á erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman (17,9% á móti 14,5%). Einnig er hærra hlutfall félagsfólks sem hefur fengið aðstoð frá ættingjum eða vinum í formi peninga eða matargjafa (25% á móti 16,5%) og eru með yfirdrátt (35,3% á móti 32%). Þrátt fyrir að staða foreldra innan Framsýnar sé betri en almennt meðal launafólks þá er til að mynda hærra hlutfall Framsýnarforeldra sem hafði ekki efni á fimm af þeim 12 grunnþáttum sem spurt var um varðandi börn (4,7% á móti 2,7%). Vegna þess hversu lágt hlutfall félagsfólks Framsýnar svaraði þarf að taka niðurstöðunum með fyrirvara sérstaklega í ljósi þessara vísbendinga um að ákveðinn hópur félaga standi verr fjárhagslega.

3.3 Staða á húsnæðismarkaði

Hér á eftir verður staða félagsfólks Framsýnar á húsnæðismarkaði borin saman við stöðu annars félagsfólks innan ASÍ og BSRB á húsnæðismarkaði. Fyrst er greint frá stöðu á húsnæðismarkaði það er hvort félagsfólk sé í eigin húsnæði, leiguhúsnæði á almennum markaði, leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigufélögum, búseturéttaríbúðum, húsnæði á vegum atvinnurekanda eða hjá foreldrum/ættingjum. Því næst er greint frá gerð og stærð húsnæðis, hversu vel húsnæði hentar fjölskyldunni, hve oft launafólk hefur flutt eða skipt um húsnæði á síðastliðnum fimm árum og byrði af húsnæðiskostnaði.

3.3.1 Staða á húsnæðismarkaði

Tafla 16 sýnir að 68,9% félagsfólks Framsýnar býr í eigin húsnæði sem er ögn hærra hlutfall en meðal félagsfólks annarra stéttarfélag (61,8%). Að sama skapi er talsvert lægra hlutfall Framsýnarfélaga sem býr í leiguhúsnæði á almennum markaði (6,8% á móti 18,6%) en ögn hærra hlutfall býr í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum (4% á móti 3,3%). Þegar litið er til þeirra sem eru búsett í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda sést að hlutfallið er nokkuð hærra hjá félagsfólki Framsýnar (8,9% á móti 2,3%) og sama á við um hlutfall þeirra sem eru búsett hjá foreldrum eða ættingjum (9,3% á móti 7%).

Tafla 16. Staða á húsnæðismarkaði.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Eigin húsnæði	68,9%	61,8%	61,8%	0,000**
Leiguhúsnæði á almennum markaði	6,8%	18,6%	18,4%	<i>N</i> = 19.105
Búsetuíbúð hjá húsnæðissamvinnufélagi	1,3%	1,8%	1,8%	
Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum	4,0%	3,3%	3,3%	
Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda	8,9%	2,3%	2,4%	
Hjá foreldrum/ættingjum	9,3%	7,0%	7,0%	
Annað	0,9%	5,3%	5,2%	

3.3.2 Gerð húsnæðis

Tafla 17 sýnir gerð húsnæðis annars vegar félagsfólks Framsýnar og hins vegar félagsfólks annarra aðildarféлага ASÍ og BSRB. Hæst hlutfall Framsýnarféлага býr í einbýlishúsi eða 44,5% sem er talsvert hærra hlutfall en meðal félagsfólks annarra stéttarféлага (21,7%). Lægra hlutfall býr í íbúð í fjölbýlishúsi (30,6% á móti 46,5%) og í raðhúsi eða parhúsi (9,6% á móti 16,9%). Hins vegar er ögn hærra hlutfall Framsýnarféлага sem býr í aukaíbúð í einbýlishúsi, parhúsi eða raðhúsi (5,7% á móti 4,6%), atvinnu- eða verslunarhúsnæði (4,4% á móti 0,5%) og í herbergi (4,3% á móti 3,7%).

Tafla 17. Gerð húsnæðis.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Íbúð í fjölbýlishúsi	30,6%	46,5%	46,3%	0,000**
Aukaíbúð í einbýlishúsi/parhúsi/raðhúsi	5,7%	4,6%	4,6%	<i>N</i> = 19.082
Raðhús/parhús	9,6%	16,9%	16,8%	
Einbýlishús	44,5%	21,7%	21,9%	
Herbergi	4,3%	3,7%	3,7%	
Bílskúr	0%	1,1%	1,1%	
Atvinnu- eða verslunarhúsnæði	4,4%	0,5%	0,6%	
Annars konar húsnæði	0,9%	2,9%	2,9%	
Vil ekki svara	0%	2,0%	2,0%	

3.3.3 Stærð húsnæðis

Tafla 18 sýnir stærð húsnæðis í fermetrum meðal félagsfólks Framsýnar og félagsfólks annarra aðildarféлага ASÍ og BSRB. Af töflunni má sjá að ríflega helmingur Framsýnarféлага býr í húsnæði sem telur 120 fermetra eða meira (55,7%) sem er talsvert hærra hlutfall en meðal félagsfólks annarra stéttarféлага (32,2%). Hlutfallslega færri félagar Framsýnar búa í húsnæði sem er 100-119 fermetrar (9,4% á móti 17,3%), 80-99 fermetrar (12,7% á móti 16,9%), 60-79 fermetrar (11,8% á móti 14,2%), 40-59 fermetrar (3% á móti 9,4%) og minna en 40 fermetrar (4,4% á móti 6,4%).

Tafla 18. Stærð húsnæðis.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Minna en 40 fermetrar	4,4%	6,4%	6,4%	0,000**
40-59 fermetrar	3,0%	9,4%	9,4%	<i>N</i> = 19.087
60-79 fermetrar	11,8%	14,2%	14,2%	
80-99 fermetrar	12,7%	16,9%	16,8%	
100-119 fermetrar	9,4%	17,3%	17,2%	
120 fermetrar eða stærra	55,7%	32,2%	32,5%	
Vil ekki svara	3,0%	3,6%	3,6%	

3.3.4 Hentugleiki húsnæðis

Þátttakendur í könnuninni voru spurð hversu vel eða illa núverandi húsnæði hentaði þeim og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 19. Niðurstöðurnar sýna að hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar samanborið við félagsfólk annarra stéttarféлага telur húsnæðið sem það býr í henta mjög vel (50,9% á móti 41,5%) og frekar vel (36,7% á móti 30,3%). Að sama skapi er lægra hlutfall sem býr í húsnæði sem hentar hvorki vel né illa (6,6% á móti 15,5%) og frekar illa (5,1% á móti 8%) en enginn býr í húsnæði sem hentar mjög illa (0% á móti 2,8%).

Tafla 19. *Hversu vel eða illa hentar húsnæði.*

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Mjög vel	50,9%	41,5%	41,6%	0,000**
Frekar vel	36,7%	30,3%	30,4%	<i>N</i> = 19.094
Hvorki vel né illa	6,6%	15,5%	15,4%	
Frekar illa	5,1%	8,0%	8,0%	
Mjög illa	0%	2,8%	2,8%	
Vil ekki svara	0,7%	1,8%	1,8%	

3.3.5 Skipt um húsnæði

Tafla 21 sýnir hversu oft á síðastliðnum fimm árum annars vegar félagsfólks Framsýnar og hins vegar félagsfólks annarra aðildarféлага ASÍ og BSRB hefur skipt um húsnæði. Niðurstöðurnar sýna að ríflega helmingur Framsýnarféлага hefur aldrei flutt á tímabilinu sem er hærra hlutfall samanborið við félagsfólk annarra stéttarféлага (50,8% á móti 44,5%). Ögn lægra hlutfall Framsýnarféлага hefur flutt einu sinni (27,8% á móti 28,7%) og tvisvar (8,9% á móti 12,1%), en ögn hærra hlutfall þrisvar (8,3% á móti 7,4%) og fjórum (4,3% á móti 3,1%) sinnum. Hins vegar hefur enginn innan Framsýnar flutt fimm sinnum eða oftar á tímabilinu.

Tafla 20. *Hversu oft skipt um húsnæði síðastliðin fimm ár.*

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Aldrei	50,8%	44,5%	44,5%	0,000**
Einu sinni	27,8%	28,7%	28,7%	<i>N</i> = 19.087
Tvisvar sinnum	8,9%	12,1%	12,1%	
Þrisvar sinnum	8,3%	7,4%	7,4%	
Fjórum sinnum	4,3%	3,1%	3,2%	
Fimm sinnum	0%	1,5%	1,5%	
Sex sinnum eða oftar	0%	1,5%	1,5%	
Vil ekki svara	0%	1,1%	1,1%	

3.3.6 Byrði húsnæðiskostnaðar

Í töflu 21 má sjá samanburð milli félagsfólks Framsýnar og annars félagsfólks heildarsamtakanna tveggja þegar kemur að byrði við rekstur húsnæðis, þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir. Ögn lægra hlutfall Framsýnarfélaga en félagsfólks annarra stéttarfélaga býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði (25,8% á móti 32,6%) en hærra hlutfall við nokkra byrði (56,6% á móti 46%). Ögn lægra hlutfall Framsýnarfélaga býr við enga byrði af húsnæðiskostnaði (14,1% á móti 15,8%).

Tafla 21. Byrði húsnæðiskostnaðar.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
Þung byrði	25,8%	32,6%	32,5%	0,000**
Nokkur byrði	56,6%	46,0%	46,1%	<i>N</i> = 19.063
Engin byrði	14,1%	15,8%	15,7%	
Vil ekki svara	3,6%	5,6%	5,6%	

3.3.7 Fjárhagsstaða eftir stöðu á húsnæðismarkaði

Í kaflanum er greint frá fjárhagsstöðu félagsfólks Framsýnar eftir stöðu þeirra á húsnæðismarkaði hvoru tveggja meðal þeirra sem eru í leiguhúsnæði og í eigin húsnæði.

Tafla 22 sýnir samanburð milli félagsfólks Framsýnar og annars félagsfólks innan ASÍ og BSRB á því hversu auðvelt eða erfitt fólk á með að ná endum saman greint eftir stöðu þeirra á húsnæðismarkaði. Lítið lægra hlutfall Framsýnarfélaga í eigin húsnæði á mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman (63% á móti 64,3%) þrátt fyrir að hærra hlutfall Framsýnarfólks eigi mjög auðvelt með að ná endum saman (19,3% á móti 11,4%). Að sama skapi er hærra hlutfall Framsýnarfólks í eigin húsnæði sem á nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman (36,3% á móti 34,3%) en áberandi er hve mikið hærra hlutfall á mjög erfitt með að ná endum saman (12,4% á móti 3,8%).

Þegar litið er til þeirra sem eru á leigumarkaði sést annarskonar mynstur. Hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar á leigumarkaði samanborið við launafólk í öðrum aðildarfélögum á leigumarkaði á mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman (58,6% á móti 41,7%) og áberandi er að mun hærra hlutfall á mjög auðvelt með að ná endum saman (21,3% á móti 4,6%). Að sama skapi er lægra hlutfall sem á nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman (40,6% á móti 55,6%).

Tafla 22. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	P-gildi
<i>Eigin húsnæði</i>				
Mjög auðvelt	19,3%	11,4%	11,5%	0,000**
Auðvelt	8,1%	15,8%	15,7%	N = 11.804
Nokkuð auðvelt	35,6%	37,1%	37,1%	
Nokkur erfitt	17,7%	23,0%	22,9%	
Erfitt	6,2%	7,5%	7,5%	
Mjög erfitt	12,4%	3,8%	3,9%	
Vil ekki svara	0,6%	1,5%	1,5%	
<i>Á leigumarkaði</i>				
Mjög auðvelt	21,3%	4,6%	4,8%	0,000**
Auðvelt	0,9%	10,0%	9,9%	N = 4.936
Nokkuð auðvelt	36,4%	27,1%	27,2%	
Nokkur erfitt	17,2%	32,7%	32,6%	
Erfitt	21,3%	13,2%	13,3%	
Mjög erfitt	2,1%	9,7%	9,6%	
Vil ekki svara	0,9%	2,7%	2,7%	
<i>Öll</i>				
Mjög auðvelt	6,5%	14,1%	14,0%	0,000**
Auðvelt	35,8%	34,1%	34,1%	N = 16.740
Nokkuð auðvelt	17,6%	25,9%	25,8%	
Nokkur erfitt	9,7%	9,2%	9,2%	
Erfitt	10,0%	5,5%	5,6%	
Mjög erfitt	0,7%	1,8%	1,8%	
Vil ekki svara	6,5%	14,1%	14,0%	

Tafla 23 sýnir samanburð milli félagsfólks Framsýnar og annars félagsfólks heildarsamtakanna tveggja hvað varðar að geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að ríflega helmingur Framsýnarfélaga í eigin húsnæði gæti mætt svo háum óvæntum útgjöldum án þess að stofna til skuldar sem er þó ögn lægra hlutfall samanborið við félagsfólk annarra stéttarfélaga (55,6% á móti 59,8%). Sömuleiðis er hærra hlutfall Framsýnarfélaga sem ekki gæti mætt svo háum útgjöldum (40,9% á móti 31,6%).

Ef litið er til félagsfólks Framsýnar á leigumarkaði og staða þeirra borin saman við félagsfólk annarra aðildarfélaga ASÍ og BSRB á leigumarkaði kemur annað mynstur í ljós. Framsýnarfólk á leigumarkaði standa mun betur en félagsfólks annarra stéttarfélaga á leigumarkaði. Þannig er 88,5% Framsýnarfélaga sem gæti mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar á móti ríflega þriðjung félagsfólks annarra stéttarfélaga (34,3%). Sömuleiðis er mun lægra hlutfall Framsýnarfélaga sem ekki gæti mætt svo háum útgjöldum (9,4% á móti 51,8%).

Tafla 23. Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	P-gildi
<i>Eigin húsnæði</i>				
Já	55,6%	59,8%	59,7%	0,000**
Nei	40,9%	31,6%	31,7%	N = 11.771
Veit ekki	3,5%	7,6%	7,6%	
Vil ekki svara	0%	1,0%	1,0%	
<i>Á leigumarkaði</i>				
Já	88,5%	34,3%	34,8%	0,000**
Nei	9,4%	51,8%	51,4%	N = 4.925
Veit ekki	2,1%	12,5%	12,5%	
Vil ekki svara	0%	1,3%	1,3%	
<i>Öll</i>				
Já	63,3%	52,2%	52,3%	0,000**
Nei	33,5%	37,6%	37,5%	N = 16.696
Veit ekki	3,2%	9,1%	9,0%	
Vil ekki svara	0%	1,1%	1,1%	

Tafla 24 sýnir hlutfall þeirra sem búa við skort á efnislegum gæðum eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að hlutfall Framsýnarfélaga í eigin húsnæði sem ekki þurfa að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru er ögn hærra en meðal annars launafólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB (68,4% á móti 66,8%) og færri Framsýnarfélaga skortir einn þátt (5,9% á móti 16,7%). Hins vegar er nokkuð hærra hlutfall sem skortir tvo þætti (19,1% á móti 9,7%). Svipað hlutfall Framsýnarfélaga og félagsfólks annarra stéttarfélaganna býr við efnislegan eða verulegan efnislegan skort (6,6% á móti 6,8%). Aftur á móti falla hlutfallslega fleiri Framsýnarfélaga í þann hóp sem búa við verulegan efnislegan skort og búa því við sárafátækt (4,8% á móti 4,6%).

Ef litið er til Framsýnarfélaga á leigumarkaði og hún borin saman við stöðu félagsfólks annarra stéttarfélaganna á leigumarkaði kemur í ljósa annarskonar mynstur. Mun hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar á leigumarkaði skortir engan þeirra níu þátta sem saman mæla efnislegan skort (61% á móti 35,3%). Að sama skapi er lægra hlutfall sem skortir einn þátt (21,6% á móti 27%), tvo (15,3% á móti 16,3%) og búa við efnislegan skort (2,1% á móti 11,6%). Enginn Framsýnarfélaga á leigumarkaði býr við verulegan skort á efnislegum gæðum (0% á móti 9,8%).

Tafla 24. Skortur á efnislegum gæðum eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	P-gildi
<i>Eigin húsnæði</i>				
Engin skortur	68,4%	66,8%	66,8%	0,000**
Einn þáttur	5,9%	16,7%	16,6%	N = 11.345
Tveir þættir	19,1%	9,7%	9,8%	
Efnislegu skortur	0,3%	4,4%	4,3%	
Verulegur efnislegur skortur	6,3%	2,4%	2,5%	
<i>Á leigumarkaði</i>				
Engin skortur	61,0%	35,3%	35,5%	0,000**
Einn þáttur	21,6%	27,0%	26,9%	N = 4.648
Tveir þættir	15,3%	16,3%	16,3%	
Efnislegu skortur	2,1%	11,6%	11,5%	
Verulegur efnislegur skortur	0%	9,8%	9,7%	
<i>Öll</i>				
Engin skortur	66,6%	57,6%	57,7%	0,000**
Einn þáttur	9,7%	19,7%	19,6%	N = 15.993
Tveir þættir	18,2%	11,6%	11,7%	
Efnislegu skortur	0,7%	6,5%	6,4%	
Verulegur efnislegur skortur	4,8%	4,6%	4,6%	

Tafla 25 sýnir samanburð milli félagsfólks Framsýnar og annars félagsfólks innan ASÍ og BSRB hvað varðar byrði húsnæðiskostnaðar, greint eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að hlutfall Framsýnarfélaga í eigin húsnæði sem býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði er hærra samanborið við félagsfólk annarra stéttarfélaga (36,2% á móti 29,9%). Einnig býr ögn hærra hlutfall Framsýnarfélaga við nokkra byrði (51,3% á móti 50%) en lægra hlutfall við enga byrði (11,9% á móti 17,9%).

Ef litið er til Framsýnarfélaga á leigumarkaði og hún borin saman við stöðu félagsfólks annarra stéttarfélaga á leigumarkaði má sjá að mun lægra hlutfall Framsýnarfélaga býr við þunga byrði af húsnæðiskostnað (3,2% á móti 42,9%). Hins vegar býr talsvert hærra hlutfall við nokkra byrði (80,9% á móti 42,2%). Mun lægra hlutfall Framsýnarfélaga á leigumarkaði býr við enga byrði (0,9% á móti 10%).

Tafla 25. Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>P</i> -gildi
<i>Eigin húsnæði</i>				
Þung byrði	36,2%	29,9%	29,9%	0,000**
Nokkur byrði	51,3%	50,0%	50,1%	<i>N</i> = 11.801
Engin byrði	11,9%	17,9%	17,8%	
Vil ekki svara	0,6%	2,2%	2,2%	
<i>Á leigumarkaði</i>				
Þung byrði	3,2%	42,9%	42,5%	0,000**
Nokkur byrði	80,9%	42,2%	42,6%	<i>N</i> = 4.927
Engin byrði	0,9%	10,0%	9,9%	
Vil ekki svara	15,0%	4,9%	5,0%	
<i>Öll</i>				
Þung byrði	28,5%	33,7%	33,7%	0,000**
Nokkur byrði	58,2%	47,7%	47,9%	<i>N</i> = 16.728
Engin byrði	9,3%	15,5%	15,5%	
Vil ekki svara	4,0%	3,0%	3,0%	

3.3.8 Samantekt – staða félagsfólks Framsýnar á húsnæðismarkaði

Niðurstöðurnar sýna að tæplega sjö af hverjum tíu félagsmanna Framsýnar búa í eigin húsnæði og er það hærra hlutfall en almennt meðal launafólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB (68,9% á mótí 61,8%). Að sama skapi er talsvert lægra hlutfall Framsýnarfélaga sem býr í leiguhúsnæði á almennum markaði (6,8% á mótí 18,6%). Hins vegar er örlítið hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar sem býr í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum (4% á mótí 3,3%) og hjá foreldrum eða ættingjum (9,3% á mótí 7%). Nokkuð hærra hlutfall eru í leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda (8,9% á mótí 2,3%).

Þegar litið er til gerðar húsnæðis kemur í ljós talsvert breytileg staða. Umtalsvert hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar er búsett í einbýlishúsi (44,5% á mótí 21,7%) en lægra hlutfall í íbúð í fjölbýlishúsi (30,6% á mótí 46,5%) eða raðhúsi/parhúsi (9,6% á mótí 16,9%). Þrátt fyrir að hærra hlutfall félagsfólks sé búsett í einbýlishúsi þá er jafnframt hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar sem býr í herbergi (4,3% á mótí 3,7%) og í atvinnu- eða verslunarhúsnæði (4,4% á mótí 0,5%). Nokkuð hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar býr í húsnæði sem er 120 fermetrar eða stærra í samanburði við annað launafólk (55,7% á mótí 32,2%) og hærra hlutfall er búsett í húsnæði sem hentar svarendum og fjölskyldum þeirra mjög eða frekar vel (87,6% á mótí 71,8%). Einnig hefur félagsfólk Framsýnar í minna mæli þurft að flytja þrisvar eða oftar um húsnæði á síðastliðnum fimm árum (12,6% á mótí 13,5%).

Þegar litið er til byrði húsnæðiskostnaðar sést að á heildina litið er lægra hlutfall félagsfólks Framsýnar sem býr við þunga byrði að húsnæðiskostnaði (25,8% á mótí 32,6%). Þrátt fyrir að á almennt sé staða Framsýnarfólks nokkuð betri en meðal launafólks þá kemur fram annars konar mynstur í niðurstöðunum en almennt þekkist. Hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar í eigin húsnæði býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði (36,2% á mótí 29,9%). Hins vegar er mun lægra hlutfall leigjenda innan Framsýnar samanborið við annað launafólk á leigumarkaði sem býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði (3,2% á mótí 42,9%). Þannig er hærra hlutfall félagsfólks í Framsýn í eigin húsnæði en í leiguhúsnæði sem býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði sem er óvanalegt.

Samskonar mynstur sést þegar fjárhagsstaða félagsfólks er skoðuð nánar eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Hærra hlutfall félagsfólks Framsýnar í eigin húsnæði eiga mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman samanborið við annað launafólk í eigin húsnæði (36,3% á mótí 34,3%). Einnig er hærra hlutfall Framsýnarfólks í eigin húsnæði sem ekki gætu mætt

óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar (40,9% á móti 31,6%) en nánast sama hlutfall býr við efnislegan eða verulegan efnislegan skort (6,6% á móti 6,8%).

Þessu er öfugt farið hjá Framsýnarfólki í leiguhúsnæði þegar staða þeirra er borin saman við annað launafólk á leigumarkaði. Lægra hlutfall þeirra á mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman (40,6% á móti 55,6%). Einnig er mun lægra hlutfall sem ekki gæti mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar (9,4% á móti 51,8%). Auk þess er lægra hlutfall sem býr við efnislegan eða verulegan efnislegan skort (2,1% á móti 21,4%).

3.4 Heilsufar

Í kaflanum er fjallað um heilsufar félagsfólks aðildarfélaganna ASÍ og BSRB og staðan milli félagsfólks Framsýnar og annarra stéttarfélaganna saman. Í könnuninni voru þátttakendur spurðir um bæði líkamlega og andlega heilsu sína út frá stöðluðum sjálfsmatskvarða.

Til að meta líkamlega heilsu voru þátttakendur beðnir um að meta hana sjálfir út frá beinni spurningu um líkamlega heilsu nú um stundir. Andlega heilsan var hins vegar metin út frá PHQ-9 kvarðanum, stöðluðum spurningalista sem tekur til níu einkenna andlegrar vanlíðunar (sjá 2.4. Mælingar).

Í lífsskjararannsókn Hagstofu Íslands má finna upplýsingar, til ársins 2018, um sjálfmetna heilsu landsmanna, en um 77% taldi sig vera við góða heilsu það árið. Þegar upplýsingarnar eru skoðaðar með tilliti til tekjufimmtunga má hins vegar sjá að einungis um 66% þeirra í lægsta tekjufimmtunginum telja sig vera við góða heilsu á móti 86% þeirra í efsta tekjufimmtunginum (Hagstofa Íslands, 2019).

3.4.1 Líkamlegt heilsufar

Tafla 26 sýnir að talsvert lægra hlutfall Framsýnarfélaganna en félagsfólks annarra stéttarfélaganna metur líkamlegt heilsufar sitt mjög eða frekar gott (37% á móti 49,2%). Lítið herra hlutfall metur líkamlegt heilsufar hvorki gott né slæmt (36,3% á móti 33,4%) en herra hlutfall metur líkamlegt heilsufar frekar eða mjög slæmt (26,8% á móti 17,5%) en þó er sambærilegt hlutfall sem metur líkamlegt heilsufar mjög slæmt (2,1% á móti 2,6%).

Tafla 26. Líkamlegt heilsufar.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	P-gildi
Mjög gott	2,8%	11,1%	11,0%	0,000**
Frekar gott	34,2%	38,1%	38,1%	N = 18.394
Hvorki gott né slæmt	36,3%	33,4%	33,4%	
Frekar slæmt	24,7%	14,9%	15,0%	
Mjög slæmt	2,1%	2,6%	2,6%	

3.4.2 Andlegt heilsufar

Tafla 27 sýnir samanburð milli félagsfólks Framsýnar og annars félagsfólks innan ASÍ og BSRB hvað varðar andlega heilsu. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar má sjá að lægra hlutfall Framsýnarfélaganna samanborið við félagsfólk annarra stéttarfélaganna býr við slæma andlega heilsu (27,4% á móti 34,9%). Þegar litið er til hvers einkennis fyrir sig má sjá að lægra hlutfall Framsýnarfélaganna hafa nær daglega verið niðurdregin, döpur, eða vonlaus (8,8% á móti 10,3%),

liðið illa með sjálf sig eða fundist þau ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfu sér eða fjölskyldu sinni (9,5% á móti 13%), átt í erfiðleikum með einbeitingu (8,9% á móti 11,2%) og hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða, verið eirðarlaus og hreyft sig miklu meira en venjulega (2,8% á móti 5%). Hins vegar er herra hlutfall Framsýnarfélaga sem hafa nær daglega haft lítinn áhuga eða upplifað litla gleði við að gera hlutina (15,9% á móti 12,9%) og átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina (19% á móti 18,6%). Svipað/sama hlutfall hefur fundið fyrir þreytu eða orkuleysi (22,7% á móti 22,7%), verið lystarlaus eða borðað of mikið (10,8% á móti 10,7%) og hugsað að það væri betra ef þau væru dáið eða um að skaða sig (2,6% á móti 2,7%).

Tafla 27. Nánast daglega neikvæð andleg einkenni.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	<i>N</i>	<i>p</i> -gildi
Litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina	15,9%	12,9%	13,0%	18.378	0,000**
Verið niðurdregin, döpur, vonlaus	8,8%	10,3%	10,3%	18.346	0,000**
Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina	19,0%	18,6%	18,6%	18.391	0,045*
Fundið fyrir þreytu og orkuleysi	22,7%	22,7%	22,7%	18.308	0,874
Átt við lystarleysi eða ofát	10,8%	10,7%	10,7%	18.216	0,766
Liðið illa með sjálf sig eða fundist þau ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum sér eða fjölskyldu sinni	9,5%	13,0%	13,0%	18.376	0,000**
Átt í erfiðleikum með einbeitingu	8,9%	11,2%	11,2%	18.358	0,000**
Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið eirðarlaus eða óróleg og hreyft sig miklu meira en venjulega	2,8%	5,0%	5,0%	18.336	0,000**
Hugsað um að það væri betra að vera dáið(n) eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt	2,6%	2,7%	2,7%	18.332	0,725
Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum (10-27 punktar á heildarkvarða)	27,4%	34,9%	34,8%	18.242	0,000**

3.4.3 Samantekt – heilsufar félagsfólks Framsýnar

Umtalsvert lægra hlutfall Framsýnarfélaganna en félagsfólks annarra stéttarfélaganna metur líkamlegt heilsufar sitt mjög eða frekar gott (37% á móti 49,2%). Lítið herra hlutfall metur líkamlegt heilsufar hvorki gott né slæmt (36,3% á móti 33,4%) en herra hlutfall metur líkamlegt heilsufar frekar eða mjög slæmt (26,8% á móti 17,5%). Hins vegar er annarskonar mynstur sem sést þegar lítið er til andlegrar heilsu. Talsvert lægra hlutfall félagsfólks Framsýnar býr við slæma andlega heilsu samanborið við launafólk í öðrum aðildarfélögum ASÍ og BSRB (27,4% á móti 34,9%).

3.5 Mismunun á vinnumarkaði á grundvelli jaðarstöðu

Tafla 28 sýnir samanburð milli félagsfólks Framsýnar og annars félagsfólks innan aðildarfélaganna ASÍ og BSRB hvað varðar að hafa orðið fyrir mismunun á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum tveimur árum. Niðurstöðurnar sýna að herra hlutfall félagsfólks Framsýnar hafa ekki orðið fyrir mismunun á vinnumarkaði síðustu tvö ár (73,4% á móti 69%). Þegar litið er til afmarkaðra þátta má sjá að hlutfallslega færri félagar Framsýnar hafa orðið fyrir mismunun á grundvelli aldurs (1,1% á móti 5,6%), kyns (0,7% á móti 4,3%), fötlunar eða skertrar starfsgetu (0% á móti 1,4%) og af öðrum ástæðum (1,7% á móti 8,4%). Hins vegar er nokkuð herra hlutfall Framsýnarfélagar sem hafa orðið fyrir mismunun á grundvelli uppruna (16,9% á móti 9,4%).

Tafla 28. Mismunun á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum tveimur árum.

	Framsýn	Önnur félög	Samtals	N	P-gildi
Já vegna aldurs	1,1%	5,6%	5,5%	18.138	0,000**
Já vegna kyns	0,7%	4,3%	4,2%	18.002	0,000**
Já vegna uppruna	16,9%	9,4%	9,4%	18.139	0,000**
Já vegna fötlunar eða skertrar starfsgetu	0%	1,4%	1,4%	18.138	0,000**
Já af öðrum ástæðum	1,7%	8,4%	8,3%	18.138	0,000**
Nei hef ekki orðið fyrir mismunun	73,4%	69,0%	69,0%	18.138	0,000**

Heimildarskrá

- Agnes Agnarsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Jakob Smári, Jón Friðrik Sigurðson, & Pétur Tyrfingsson. (e.d.). *PHQ-9 í íslenskri þýðingu*.
- Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir, Jóhann Pálmar Harðarsons, & Guðmundur Arnkelsson. (2018). Próffræðilegir eiginleikar Sheehan Disability Scale, Quality of Life Scale og Patient Health Questionnaire í íslenskri þýðingu. *Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 23, 91-100.
- Hagstofa Íslands. (2019). *Fólk við góða heilsu eftir kyni og tekjufimmtungum 2004-2018*.
- Hagstofa Íslands. (2020). *Fjárhagur/Viðtakendur fjárhagsaðstoðar*.
- Hagstofa Íslands. (2022a). *Heimili í fjárhagsvandráðum eftir heimilisgerð 2004-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2022b). *Íþyngjandi húsnæðiskostnaður heimila eftir stöðu á húsnæðismarkaði 2004-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2022c). *Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010-2022*.
- Hagstofa Íslands. (2022d). *Skortur á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð og stöðu á húsnæðismarkaði 2008-2021*.
- Hagstofa Íslands. (2023). *Mesta fjölgun íbúa frá upphafi*.
- Kroenke, K., & Spitzer, R. L. (2002). The PHQ-9: A new depression diagnostic and severity measure. *Psychiatric Annals*, 32(9), 509-515.
- Varða – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins. (2024). *Staða launafólks á Íslandi: Niðurstöður spurningakönnunar meðal félagamanna í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*.

Viðauki I

Yfirlit yfir forsendur þeirrar hópaskiptingar sem notuð er í greiningum á niðurstöðum könnunarinnar.

<i>Uppruni</i>	
<i>Innfæddur</i>	Einstaklingur sem er fæddur á Íslandi og á foreldra sem fæddir eru á Íslandi
<i>Innflytjandi</i>	Einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem fæddir eru erlendis
<i>Einstaklingur með erlendan bakgrunn</i>	1. Einstaklingur sem er fæddur á Íslandi og á annað foreldri sem er erlent 2. Einstaklingur sem er fæddur á Íslandi og á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis